

341. fundur sveitarstjórnar Bláskógabyggðar haldinn í Aratungu, Reykholti, miðvikudaginn 13. september 2023, kl. 16:00. Aukafundur.

Fundinn sátu:

Helgi Kjartansson, Stefanía Hákonardóttir, Sveinn Ingi Sveinbjörnsson, Guðrún S. Magnúsdóttir, Guðni Sighvatsson, Anna Greta Ólafsdóttir, Jón Forni Snæbjörnsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Stephanie E. M. Langridge og Ásta Stefánsdóttir.

Fundargerð ritaði: Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri.

Fundinn sátu í Aratungu Helgi Kjartansson, oddviti, og Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri. Aðrir fundarmenn tóku þátt í gegnum fjarfundarbúnað.

1. Skaðabótakrafa vegna uppsagnar starfsmanns - 1809055

Tillaga að réttarsátt í máli gegn Bláskógabyggð vegna uppsagnar starfsmanns.

Lögð var fram tillaga að réttarsátt í máli starfsmanns gegn Bláskógabyggð í framhaldi af dómi Landsréttar í máli nr. 601/2021. Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti réttarsáttina. Lögmanni sveitarfélagsins, Braga Dór Hafþórssyni, er falið að undirrita sáttina f.h. sveitarfélagsins. Sveitarstjórn samþykkir að gerður verði viðauki við fjárhagsáætlun vegna málsins og er hann lagður fram sem liður nr. 2 á þessum fundi.

2. Viðaukar við fjárhagsáætlun - 2306037

2. viðauki við fjárhagsáætlun

Lagður er fram viðauki við fjárhagsáætlun ársins 2023. Viðaukinn felur í sér aukningu á rekstrarkostnaði um 24.900.000 kr sem er mætt með lækkun á handbæru fé. Sveitarstjórn samþykkir viðaukann og felur sveitarstjóra að tilkynna hann til viðeigandi aðila.

Fundargerð var send fundarmönnum sem tóku þátt í gegnum fjarfundarbúnað með tölvupósti og staðfestu þeir hana með svari í tölvupósti til sveitarstjóra. Staðfestingarnar eru vistaðar í málaskrá sveitarfélagsins.

Fundi slitið kl. 17:20.



Helgi Kjartansson



Stefanía Hákonardóttir



Sveinn Ingi Sveinbjörnsson

Guðrún S. Magnúsdóttir

Guðni Sighvatsson

Anna Greta Ólafsdóttir

Stephanie E. M. Langridge

Ásta Stefánsdóttir

